

# ÁRSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR

## 2021



SKÓGRÆKTARFÉLAG  
REYKJAVÍKUR



*Um sumarnótt vera, þá silfraði skóg  
Hinn svífandi máni í lágnættis ró,  
Á náttgalahljóminn eg hlustaði rótt  
Og hjarta mitt kyrðist um þögula nótt;  
Þá hrygð minni hjá þér eg gleymdi.*

*Steingrímur Thorsteinsson*

# ÁRSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR 2021





|                            |  |
|----------------------------|--|
| <b>Umsjón</b>              | Kári Gylfason  |
| <b>Höfundar efnis</b>      | Auður Kjartansdóttir<br>Guðmundur Freyr Kristjánsson<br>Gústaf Jarl Viðarsson<br>Jóhannes Benediktsson<br>Kári Gylfason<br>Margrét Valdimarsdóttir<br>Sævar Hreiðarsson  |
| <b>Ljósmyndir</b>          | Auður Kjartansdóttir<br>Guðmundur Freyr Jónsson<br>Guðmundur Freyr Kristjánsson<br>Gústaf Jarl Viðarsson<br>Hjördís Jónsdóttir<br>Jón Haukur Steingrímsson<br>Margrét Valdimarsdóttir<br>Sævar Hreiðarsson<br>Sigurður Ólafur Sigurðsson |
| <b>Ljósmyndi á forsiðu</b> | Sigurður Ólafur Sigurðsson   |
| <b>Ljósmynd á baksíðu</b>  | Hjördís Jónsdóttir   |
| <b>Prófarkarlestur</b>     | Kári Gylfason  |
| <b>Hönnun og umbrot</b>    | Sylvía Kristjánsdóttir   |

Prentuð vor 2022


**Prentmet Oddi** - Umhverfissvottuð prentsmiðja



|  |    |
|--|----|
| <b>Inngangur</b> .....                                       | 6  |
| Stjórn.....  | 10 |
| Starfsmenn.....  | 11 |
| Starfsnemar.....   | 12 |
| <b>Lykiltölur</b> .....                                      | 14 |
| Starfsmenn.....  | 15 |
| Félags- og fræðslustarf.....                                 | 15 |
| Skógræktarframkvæmdir.....                                   | 16 |
| Gróðursetningar 2021.....                                    | 16 |
| Rekstrareiningar.....  | 18 |
| Viðarafurðir.....  | 18 |
| Jólatrjáasala.....   | 18 |
| Vélar og tæki.....   | 19 |
| Umsjónar- og eignarlönd.....                                 | 19 |
| Húseignir.....   | 19 |
| Landnemar og sjálfbóðaliðar.....                             | 19 |
| <b>Rekstrarreikningur 2021</b> .....                         | 20 |
| <b>Efnahagsreikningur</b> .....                              | 21 |
| <b>120 ár frá stofnun Skógræktarfélags Reykjavíkur</b> ..... | 22 |
| Tré ársins.....  | 22 |
| Sögudagatal og myndband.....                                 | 24 |
| Fræðslugöngur.....   | 24 |
| Námskeið um græðlinga.....                                   | 24 |
| Könglatínsla.....  | 27 |
| Heiðmerkurhlaupið.....                                       | 27 |
| <b>Samstarfsverkefni, rannsóknir og fræðsla</b> .....        | 28 |
| Loftslagsskógar.....   | 29 |
| Nefnd um skógræktarmöguleika í borgarlandinu.....            | 30 |
| Skógarnytjar.....  | 30 |
| Heidmork.is.....   | 31 |
| Landupplýsingakerfi.....                                     | 31 |
| Lífmassi trjáa mældur í Heiðmörk.....                        | 33 |
| Burstar úr stafafuru og hrosshári.....                       | 33 |
| <b>Heiðmörk</b> .....  | 34 |
| Vatnsvernd og umhverfisvitund.....                           | 35 |
| Innviðauppbýgging.....                                       | 35 |
| Gróðureldar og viðbúnaður.....                               | 37 |
| Framlag Landsvirkjunar.....                                  | 37 |
| Heiðmörk stækkar:.....                                       | 39 |
| Grisjun.....   | 39 |
| Nýr traktor.....   | 40 |
| Bókabíll.....  | 41 |
| Skileik.....   | 41 |
| Deildi níræðisafmælisgjöf.....                               | 41 |
| Ljósleiðari.....   | 41 |
| <b>Esjuhlíðar</b> .....                                      | 42 |
| Framkvæmdir og nýtt kort.....                                | 43 |
| Æfingasvæði við Esjurætur í samstarfi við Fjallakofann.....  | 45 |
| Yfir 100 þúsund gengu á Esjuna.....                          | 45 |
| Gróðursetningar.....   | 45 |
| <b>Múlastaðir, Fellsmörk og Reynivellir</b> .....            | 46 |
| <b>Jólaviðburðir</b> .....                                   | 48 |
| Jólamarkaðurinn í Heiðmörk.....                              | 49 |
| Jólatrjáasala á Lækjartorgi.....                             | 50 |
| Jólaskógurinn á Hólmsheiði.....                              | 50 |
| Oslóartréð.....  | 50 |
| Þórshafnartréð.....  | 51 |
| <b>Ávarp formanns á aðalfundi 2021</b> .....                 | 53 |
| <b>Samstarfs- og styrktaraðilar</b> .....                    | 55 |



# INNGANGUR



*Frá Yggdrasils aski að örsærsta tré  
Vér ætlum að trjálífið hugumkært sé,  
Hvað elskarðu' í náttúru', ef elskarðu' ei skóg  
Með ilmgróðri, fuglklíð og himneskri ró?*

*Steingrímur Thorsteinsson*



# ÁVARP FORMANNS 2022

Skógræktarfolk hefur á síðustu árum fundið fyrir vaxandi áhuga og jákvæðari viðhorfum gagnvart skógrækt. Afstaða stjórn mála- og embættismanna er jákvæðari. Fólk, fyrirtæki og félagasamtök sýna áhuga á að taka þátt í starfi félagsins á fjölbreyttan hátt. Og gestum útivistarsvæðanna í Heiðmörk og Esjuhlíðum virðist fjölga ár frá ári.

Vaxandi áhugi og aukin jákvæðni birtast meðal annars í samstarfsverkefnum félagsins. Þar má sérstaklega nefna Loftslagsskóga Reykjavíkur í Úlfarsfelli. Þáttökugróðursetningar í Loftslagsskógunum síðasta sumar voru vel sóttar og er það vilji bæði félagsins og Reykjavíkurborgar að leita enn fleiri leiða til að virkja almenning í skógrækt. Nýr þjónustusamningur var gerður við Garðabæ á árinu. Um leið stækkaði Heiðmörk um 74 hektara, þegar svæði við Kolhól bættist við friðlandið.

Gott væri að sjá meiri áhuga á skógræktarmálum í landsmálunum og að stjórnvöld myndu standa við fyrirheit um stóraukin framlög til skógræktarmála um land allt. Stóraukin framlög til skógræktar væru mikið framfaraskref, hvort sem litið er til umhverfis- og loftslagsmála, atvinnuþróunar, verðmæta-sköpunar eða sjálfbærni. Kostir aukinnar skógræktar á Íslandi eru margir og skýrir. Nú þarf að hefjast handa.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur lagt sitt að mörkum til að þróa áfram skógarmenningu og viðarvinnslu hér á landi. Á árinu festi félagið kaup á stórviðarsög sem gerir það mögulegt að auka framleiðslu, úrval og verðmæti viðarafurða úr Heiðmörk. Enda er skógurinn farinn að skila af sér nytjatimbri. Nýr traktor nýttist bæði við viðarvinnslu og umsjón útivistarsvæða. Á árinu var einnig annar búnaður og tæki félagsins endurnýjuð.

Þegar síðasti aðalfundur var haldinn, 6. maí í fyrra, var nýafstaðinn mikill gróðurbruni í Heiðmörk. Eldurinn fór yfir 61 hektara og olli talsverðum skemmdum. Þegar leið á sumarið fór svæðið þó að grænka nokkuð á ný. Vonandi mun stór hluti trjánna lifa áfallið af en ný vaxa upp í stað þeirra sem drápu. Þá gróðursetti Landsbjörg rótarskot á svæðinu um haustið. Félagið grisjaði sérstaklega síðasta sumar út frá eldvarnarsjónarmiðum og vonumst við eftir góðu samstarfi við viðbragðsaðila um brunavarnir og gerð viðbragðsáætlana. Mikilvægt er að hugsa til framtíðar í þessum málum sem öðrum.

Vinna að stefnu félagsins til næstu ára stendur nú yfir. Hún hófst með því að spurningalisti var sendur til félagsmanna og ýmissa



Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, og Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, undirrita samninginn, 24. júní 2021.

samstarfsaðila. Fjöldi svara og ábendinga barst sem horft er til í stefnumótunarvinnunni. Stjórn félagsins kom saman að Múlastöðum eina helgi í byrjun mars til að vinna stefnumótunina áfram.

Og það er víðar verið að skipuleggja. Vinna að deiliskipulagi fyrir Fellsmörk í Mýrdal stendur yfir en hún hófst fyrir áramót. Unnið er í samráði við núverandi landnema í Fellsmörk sem stundað hafa skógrækt á svæðinu í rúma þrjá áratugi.

Skógræktarfélag Reykjavíkur er í öfundsverðri stöðu. Það nýtur velvildar og starfar að fjölda mikilvægra verkefna, í góðri sátt við almenning, með öflugum samstarfs- og styrktaraðila. Félagið stendur einnig á traustum fjárhagslegum grunni. Vel er haldið utan um starfsemina og við njótum einnig góðs starfs þeirra sem á undan gengu.

Að lokum vil ég þakka framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum fyrir vel unnin störf og stjórnarmönnum fyrir þátttöku í starfi félagsins. Brynhildi Davíðsdóttur, sem nú hættir í stjórn eftir margra ára starf, þakka ég sérstaklega fyrir framlag sitt til félagsins og fyrir ánægjulegt samstarf.

Jóhannes Benediktsson,  
formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur



SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR



# ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Á síðasta ári fagnaði Skógræktarfélag Reykjavíkur því að 120 ár eru liðin frá stofnun Skógræktarfélags Reykjavíkur og upphafi skipulagðar skógræktar á höfuðborgarsvæðinu, með Rauðavatsstöðinni. Hlutur frumherja og þeirra sem á undan hafa gengið, með hugsjón og framtíðarsýn að vopni, verður seint fullþakkaður og hefur sannarlega bætt lífsgæði borgarbúa.

Árið 2021 hefur verið viðburðaríkt hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Heimsfaraldurinn setti mark sitt á allt árið og staðfesti mikilvægi útivistarsvæða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Umferð um svæðin hefur aldrei verið meiri en nú. Mikill fjöldi kemur í Heiðmörk dag hvern og 104 þúsund manns gengu á Esjuna á síðasta ári.

Á árinu tók félagið það skref að gefa út rafræn skirteini. Samstarf komst á með Tækniskólanum. Allir nemendur skólans í húsasmíði og húsgagnasmíði koma nú til okkar í heimsókn og læra um viðarafurðir og nýtingu þess sem fellur til í umhirðu skóganna. Þá stóð félagið fyrir fjölda viðburða svo sem Jólamarkaðnum, skógargöngum, útnefningu á Tré ársins, græðlinganámskeiði og Heiðmerkurhlaupinu auk margskonar fræðslustarfs.

Einnig fór félagið af stað með þátttökugróðursetingu fyrirtækja og almennings þar sem þátttaka var góð. Gaman var að sjá hugsjónastarf frumkvöðlanna endurspeglast í sjálfbóðaliðastarfi grasrótárinna 120 árum seinna. Þar sannast enn nær 120 ára orð fyrsta formanns félagsins, Steingríms Thorsteinssonar:

*Hvað elskarðu' í náttúru', ef elskarðu' ei skóg  
Með ilmgróðri, fuglkið og himneskri ró?*

Línurnar eru úr vísu sem Steingrímur orti til heiðurs þeim Prytz, Ryder og Flensborg, frumkvöðlum í skógrækt á Íslandi. Vísurnar voru sungnar í kveðjusamsæti, 4. ágúst 1903, áður en þeir stigu á skipsfjöl og sigldu til Danmerkur. Aðrir héldu hins vegar áfram starfi þeirra, við Rauðavatn og miklu víðar. Vísunni lýkur svo:

*Hvað fást skal um það, sem vér fáum ei séð:  
Að frjóanginn smár verði skyggjandi tréð?  
Vér upphafið sjáum og óskum svo hins,  
Að áframhald verði frá kyni til kyns.*

*Auður Kjartansdóttir,  
framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur*





|                         |   |
|-------------------------|---|
| <b>Formaður</b>         | Jóhannes Benediktsson   |
| <b>Varaformaður</b>     | Aðalsteinn Sigurgeirsson  |
| <b>Ritari</b>           | Þorsteinn Tómasson  |
| <b>Gjaldkeri</b>        | Brynhildur Davíðsdóttir   |
| <b>Aðalstjórn</b>       | Björt Ólafsdóttir<br>Ingibjörg Sólrún Gísladóttir<br>Páll Þórhallsson<br>Vilhjálmur P. Vilhjálmsson |
| <b>Varastjórn</b>       | Björn Thors<br>Einar Sveinbjörnsson<br>Hjördís Jónsdóttir<br>Sverrir Bollason                       |
| <b>Skoðunarmenn</b>     | Þorvaldur S. Þorvaldsson<br>Lilja Guðmundsdóttir  |
| <b>Varaskoðunarmenn</b> | Ólafur Sigurðsson<br>Þröstur Ólafsson   |
| <b>Endurskoðandi</b>    | Jón P. Hilmarsson   |

Stjórn hélt níu fundi á árinu og einn aðalfund sem fór fram 6 maí en ekki í apríl vegna heimsfaraldurs Covid. Í árslok 2021 voru félagsmenn 1.382.





Auður Kjartansdóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Gústaf Jarl Viðarsson og Sævar Hreiðarsson eru báðir skógfræðingar. Guðmundur Freyr Kristjánsson er að ljúka sínu námi í skógfræði. Gústaf hefur umsjón með skipulagningu og framkvæmd gróðursetninga í Loftslagsskógum Reykjavíkur í Úlfarsfelli og gróðursetningum félagsins á Múlastöðum og í Heiðmörk. Þá sinnir Gústaf rannsóknnum, fræðslustarfi og samskiptum við landnema. Sævar er skógarvörður Heiðmerkur. Hann hefur umsjón með friðlandinu og heldur utan um verknám starfsnema og verkstjórn verktaka. Starfsmenn sinna einnig grisjun, viðarvinnslu, gróðursetningum, sölu afurða og viðhaldi véla og innviða. Marcin Niznik kom til starfa í október í viðarvinnslu. Þar starfa einnig Óskar Guðmundsson og Kristján Agnar Vágskeið, sem eru í hlutastarfi við viðarvinnslu og önnur tilfallandi verk.

Margrét Valdimarsdóttir var í september ráðin til starfa sem verkefna- og viðburðastjóri. Hún stýrði Jólamarkaðnum í Heiðmörk ásamt öðrum viðburðum félagsins. Kári Gylfason hefur starfað sem verktaki fyrir félagið undanfarin ár. Hann hefur meðal annars miðlað sögu félagsins á margvíslegan hátt og skrifað á heimasíðuna, heidmork.is. Tímabundnir starfsmenn hafa aðstoðað félagið við verkefni á borð við Jólamarkaðinn. Verktakar hafa verið ráðnir í stærri framkvæmdir á borð við vegagerð í Fellsmörk, stígagerð í Esjuhlíðum og gróðursetningar á Múlastöðum og í Úlfarsfelli.

## STARFSNEMAR

Eftir Covid-takmarkanir fyrra árs opnaðist aftur fyrir komu starfsnema frá Evrópu.

Rasmus Peter Funch Madsen, nemandi við Skovskolen í Nödebo í Danmörku, kom til félagsins 1. mars og var hjá okkur fram að jólum. Rasmus lagði sig fram um að læra íslensku og sýndi dug og metnað í öllum verkum.

Frá apríl og fram í byrjun júní dvöldu hjá okkur skógfræðinemar frá landbúnaðarháskóla í Zaragoza. Álvaro Cantonero Ibáñez og Mateo Alquezar Gasca voru áhugasamir og fljótir að læra. Þeir tóku m.a. þátt í girðingarvinnu, snemmgrisjun og gróðursetningum.

Í byrjun júní komu skógtækninemarnir Lucas Lamin Johansen og Marie Römer Johansson frá Skovskolen í Danmörku. Lucas

hafði verið hjá okkur áður og var ánægjulegt að hann skildi velja að vinna lokaverkefni sitt í Heiðmörk. Verkefni Lucasar sneri að því að grísa furureit í Þverhjalladal og gróðursetja lauftré inn í opnanir og rjóður sem mynduðust við grísjunina. Verkefnið var vel heppnað og vann Lucas skýrslu um verkið sem hann kynnti við útskrift í Skovskolen. Marie var áhugasöm og tók miklum framförum í skógarvinnu á þeim tíma sem hún dvaldi hjá okkur. Hún hélt heim í ágúst en Lucas í lok nóvember.

Í júní kom Arthur Blanchard kom frá landbúnaðarháskóla í Frakklandi, L'Institut Agro Rennes-Angers. Hann tók m.a. þátt í umhirðu plöntulagers, gróðursetningum og skógarumhirðu. Arthur, eins og aðrir nemar frá þessum skóla, var hörkuduglegur og tók öllum verkefnum fagnandi.









# LYKILTÖLUR



HÉR ER AÐ FINNA HELSTU TÖLUR Í REKSTRI OG STARFI SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR 2021 OG SAMANBURÐ VIÐ ÁRIÐ Á UNÐAN. SAMBÆRILEGAR UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Í FYRRI ÁRSSKÝRSLUM SEM HÆGT ER AÐ NÁLGAST Á HEIDMORK.IS.

### STARFSMENN, STARFSNEMAR OG VERKTAKAR

|                     | STARFSMENN | MÁNUÐIR | ÁRSVERK |
|---------------------|------------|---------|---------|
| Fastir starfsmenn   | 9          | 12      | 6,5     |
| Verkefnaráðnir      | 2          |         | 0,4     |
| Starfsnemar         | 6          | 10      | 2       |
| Sjálfbóðaliðar      | 70         |         | 0,2     |
| Landnemar           |            |         | 0,1     |
| Jólamarkaður        | 8          |         | 0,5     |
| Landsvirkjunarhópur | 26         | 2       | 3       |

### FÉLAGS- OG FRÆÐSLUSTARF

|   | 2021   | 2020* |
|---|--------|-------|
| Félag í árslok                                | 1382** | 1882  |
| Fræðsluerindi                                 | 16     | 3     |
| Þátttakendur í fræðslu (áætlað)               | 310    | 80    |
| Viðburðir og móttökur                         | 33     |       |
| Barnastundir                                  | 110    |       |
| Þátttakendur í viðburðum og móttökum (áætlað) | 15000  |       |

\*Heimsfaraldur Covid gerði erfitt að halda viðburði og var mörgum aflýst eða breytt.

\*\*Fækkun milli ára skýrist af tiltekt í félagaskrá og upptöku rafrænna skirteina.

## SKÓGRÆKTARFRAMKVÆMDIR

|                      | 2021   | 2020   |
|----------------------|--------|--------|
| Gróðursettar plöntur | 148400 | 146865 |
| Nýir stígar (km)     | 3      | 3,6    |
| Áburðargjöf (tonn)   | 1,32   | 1,3    |
| Grisjun (ha)         | 3,75   | 4,3    |

## GRÓÐURSETNINGAR 2021

| TEGUND                  | HEIÐMÖRK     | ESJUHLÍÐAR  | FELLSMÖRK   | MÚLASTAÐIR   | ÚLFARSFELL<br>- loftslagsskógar | REYNI-<br>VELLIR | SAMTALS       |
|-------------------------|--------------|-------------|-------------|--------------|---------------------------------|------------------|---------------|
| Ilmbjörk                | 18551        | 804         | 4221        | 676          | 1855                            | 400              | 26507         |
| Sitkagreni/<br>bastaður | 2000         | 440         | 1000        | 11520        | 1435                            |                  | 16395         |
| Stafafura               | 47566        | 2480        | 520         | 11960        | 4721                            |                  | 67247         |
| Evrópulerki             |              |             |             |              | 10                              |                  | 10            |
| Rússalerki              |              |             |             | 1608         |                                 |                  | 1608          |
| Lerki „Hrymur“          |              |             |             |              | 54                              | 200              | 254           |
| Jörfaviðir              | 1750         | 455         |             |              | 2018                            |                  | 4223          |
| Gulviðir                |              |             |             |              | 1803                            |                  | 1803          |
| Ilmreynir               |              |             |             | 140          | 1659                            |                  | 1799          |
| Alaskaösp               | 3010         | 2905        | 4245        | 7048         | 4182                            |                  | 21390         |
| Hengilbjörk             |              |             |             |              | 10                              |                  | 10            |
| Gráelri                 |              |             |             |              | 45                              |                  | 45            |
| Bergfura                |              |             |             |              | 15                              |                  | 15            |
| Blágreni                | 200          |             |             |              | 10                              | 800              | 1010          |
| Selja                   |              |             |             |              | 155                             |                  | 155           |
| Ýmsar<br>tegundir*      |              |             |             |              | 5754                            | 135              | 5929          |
| <b>Samtals</b>          | <b>73117</b> | <b>7084</b> | <b>9986</b> | <b>32952</b> | <b>23726</b>                    | <b>1535</b>      | <b>148400</b> |

\*Ýmsar tegundir, þar á meðal kasmírreynir, heggur, fjallapínur, rúbinreynir, fjallafura, rífs, alaskaepil, bersarunni, döglinskvistur, fagur-sýrena, fjallarífs, hlíðaramall, lindifura, sólber, úlfareynir, hindber og stíkilsber





Starfsmenninn Rasmus hefur til efni sem notað var í gufubaðs-höfð í Sky Lagoon á Kársnesi.

## REKSTRAREININGAR

|                        | 2021 | 2020 |
|------------------------|------|------|
| Stígar Heiðmörk (km)   | 72,5 | 69,5 |
| Stígar Esja (km)       | 22,2 | 21,8 |
| Viðhald stíga (km)     | 7,8  | 1    |
| Áningarstaðir          | 12   | 12   |
| Borð og bekkir         | 29   | 30   |
| Salerni                | 5    | 5    |
| Ruslakassar            | 15   | 16   |
| Grill                  | 8    | 8    |
| Ný skilti - Esjuhlíðar | 9    | 1    |
| Ný skilti - Heiðmörk   | 0    | 0    |

## VIÐARAFURÐIR

| TEGUND           | STÆRÐ          | MAGN 2021 | MAGN 2020 |
|------------------|----------------|-----------|-----------|
| Bolviður         | lengdar metrar | 960       | 520       |
| Grenispírur      | 5-8 metrar     | 49        | 38        |
| Borðviður        | lengdar metrar | 531       | 436       |
| Bök              | lengdar metrar | 331       | 287       |
| Plattar          | stk.           | 65        | 50        |
| Drumbar          | 25-30 sm       | 26        | 125       |
| Kurl stórsekkir  | m <sup>3</sup> | 77        | 85        |
| Kurl strigapokar | 40 lítrar      | 164       | 114       |
| Kurl strigapokar | 70 l           | 63        | 130       |
| Eldiviður búnt   | 30-40 sm       | 967       | 1167      |
| Eldiviður laus   | m <sup>3</sup> | 37        | 12        |
| Flaggstöng       | 6-8 metrar     | 11        | 2         |

## JÓLATRJÁASALA

|                          | 2021        | 2020        |
|--------------------------|-------------|-------------|
| Jólamarkaður Elliðavatni | 698         | 714         |
| Jólaskógur               | 482         | 679         |
| Jólatrjáasala Smiðju     | 24          | 104         |
| Torgtré                  | 9           | 27          |
| Skólatré                 | 5           | 5           |
| Leikskólatré             | 0           | 5           |
| Veggtré                  | 30          | 17          |
| Tröpputré                | 409         | 407         |
| <b>Samtals</b>           | <b>1657</b> | <b>1958</b> |

## VÉLAR OG TÆKI

Bílar: 3, dráttarvélar: 2, slátturtraktor, snjótroðari, sexhjól

|                         | 2021 | 2020 |
|-------------------------|------|------|
| Kerrur og vagnar        | 6    | 6    |
| Keðjusagir              | 9    | 8    |
| Kjarrsagir og greinasög | 3    | 3    |

Önnur tæki og tók: Skógarútkeyrsluél, eldiviðarkljúfur, stórviðarsög, kurlari og þurrkofn fyrir timbur

## UMSJÓNAR- OG EIGNARLÖND (HA)

| SVÆÐI                   | ALLS STÆRÐ | STÆRÐ SKÓGLENDIS 2021 | STÆRÐ SKÓGLENDIS 2020 |
|-------------------------|------------|-----------------------|-----------------------|
| Múlastaðir              | 650        | 126                   | 113                   |
| Reynivellir             | 50         | 14                    | 13                    |
| Mógilsá og Kollafjörður | 1000       | 250                   | 247                   |
| Heiðmörk                | 3274       | 2025                  | 1992                  |
| Fellsmörk               | 982        | 104                   | 99                    |

## HÚSEIGNIR (m<sup>2</sup>)

| SVÆÐI      | TEGUND             | STÆRÐ |
|------------|--------------------|-------|
| Elliðavatn | Skrifstofa (umsjá) | 585   |
| Elliðavatn | Smiðja             | 422   |
| Múlastaðir | Íbúðarhús          | 107   |
| Múlastaðir | Skemma (hlaða)     | 131   |
| Múlastaðir | Geymsla (fjós)     | 112   |
| Fell       | Hlaða (léleg)      | 233   |

## LANDNEMAR OG SJÁLFBODALIÐAR

|  | 2021 | 2020 |
|--|------|------|
| Heiðmörk   | 153  | 153  |
| Esjuhlíðar   | 4    | 4    |
| Fellsmörk  | 37   | 37   |
| Samtals landnemar  | 194  | 194  |
| Móttaka landnemahópa                                       | 20   | 20   |
| Fjöldi landnema við gróðursetningar (áætlað)               | 260  | 200  |
| Fjöldi fyrirtækja við gróðursetningar                      | 6    | 3    |
| Fjöldi þátttakenda við gróðursetningar fyrirtækja (áætlað) | 1080 | 100  |



# REKSTRARREIKNINGUR 2021

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

| REKSTRARTEKJUR                                       | SKÝRING  | 2021               | 2020               |
|--|----------|--------------------|--------------------|
| Framlög og þjónustusamningar                         |          | 53.631.580         | 49.657.304         |
| Innborguð félagsgjöld                                |          | 5.412.122          | 3.795.843          |
| Seldar vörur og þjónusta                             |          | 25.390.075         | 28.492.239         |
| Aðrar tekjur og styrkir til sérverkefna              |          | 55.750.101         | 52.151.878         |
| Leigutekjur  |          | 4.376.674          | 3.824.735          |
| <b>Rekstrartekjur alls</b>                           |          | <b>144.560.552</b> | <b>137.921.999</b> |
| REKSTRARGJÖLD  | SKÝRING  | 2021               | 2020               |
| Laun og annar starfsmannakostnaður                   | 3        | 54.495.173         | 46.689.119         |
| Rekstur fasteigna                                    |          | 6.134.656          | 8.947.142          |
| Viðhald og rekstur svæða                             |          | 51.267.398         | 63.784.531         |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður                   |          | 11.530.470         | 8.950.934          |
| Annar rekstrarkostnaður                              |          | 1.963.952          | 2.025.637          |
| Afskriftir fastafjármuna                             | 5        | 8.178.483          | 4.315.786          |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>                            |          | <b>133.570.132</b> | <b>134.713.149</b> |
| <b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b> | <b>4</b> | <b>10.990.420</b>  | <b>3.208.850</b>   |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>              |          |                    |                    |
| Fjármunatekjur                                       |          | 18.290.351         | 22.820.808         |
| Vaxtagjöld   |          | -6.048.713         | -5.076.810         |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls</b>         |          | <b>12.241.638</b>  | <b>17.743.998</b>  |
| <b>Afkoma af reglulegri starfsemi</b>                |          | <b>23.232.058</b>  | <b>20.952.848</b>  |
| <b>Hagnaður ársins</b>                               |          | <b>23.232.058</b>  | <b>20.952.848</b>  |

# EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2021

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

| EIGNIR                             | SKÝRING | 2021               | 2020               |
|------------------------------------|---------|--------------------|--------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>              |         |                    |                    |
| Fasteignir og lóðaréttindi         | 5       | 171.003.336        | 172.381.336        |
| Áhöld og tæki                      | 5       | 19.000.266         | 12.189.640         |
| Fjárfestingasjóðir                 | 6       | 210.183.843        | 197.949.208        |
|                                    |         | <b>400.187.445</b> | <b>382.520.183</b> |
| <b>Veltufjármunir</b>              |         |                    |                    |
| Viðskiptakröfur                    | 7       | 8.038.809          | 13.549.090         |
| Aðrar kröfur                       |         | 3.594.863          | 1.922.004          |
| Handbært fé                        | 7       | 47.786.046         | 36.608.565         |
|                                    |         | <b>59.419.718</b>  | <b>52.079.659</b>  |
| <b>Eignir samtals</b>              |         | <b>459.607.163</b> | <b>434.599.842</b> |
| <b>Skuldir og eigið fé</b>         |         |                    |                    |
| <b>Eigið fé</b>                    | 8       |                    |                    |
| Sérstakur endurmatsreikningur      | 5       | 37.120.000         | 38.048.000         |
| Óráðstafað eigið fé                |         | 409.672.688        | 385.512.630        |
| <b>Eigið fé alls</b>               |         | <b>446.792.688</b> | <b>423.560.630</b> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>            |         |                    |                    |
| Viðskiptaskuldir                   | 9       | 8.929.729          | 8.960.188          |
| Aðrar skammtímaskuldir             | 9       | 3.884.746          | 2.079.024          |
| <b>Skuldir samtals</b>             |         | <b>12.814.475</b>  | <b>11.039.212</b>  |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b> |         | <b>459.607.163</b> | <b>434.599.842</b> |

# 120 ÁR FRÁ STOFNUN SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR



## TRÉ ÁRSINS


Skógræktarfélag Íslands útnefndi hegg (*Prunus padus*) í Rauðavatnsstöðinni Tré ársins 2021, við hátíðlega athöfn 25. ágúst. Útnefningin var gerð að tillögu Skógræktarfélags Reykjavíkur. Heggurinn var gróðursettur á upphafsárum gróðrarstöðvarinnar og er einn af elstu heggjum landsins. Hann er ættfaðir fjölmargra heggja á suðvesturhorni landsins.





Danski skógræðingurinn C. E. Flensburg í Rauðavatnsstöðinni, 1905.

ÁRIÐ 2021 VORU 120 ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR VAR UPPHAFLEGA STOFNAÐ, 25. ÁGÚST 1901. TILGANGUR FÉLAGSINS VAR AÐ KAUPA OG RÆKTA UPP LAND VIÐ RAUÐAVATN, SVO AÐ REYKVÍKINGAR GÆTU ÞAR NOTIÐ ÚTIVERU Í FÖGRU UMHVERFI. TÍMAMÓTANNA VAR MINNST MEÐ ÝMSUM HÆTTI. UM LEIÐ VAR RIFJAÐ UPP ÞAÐ MERKILEGA OG FRAMSÝNA STARF SEM FRUMHERJAR Í SKÓGRÆKT UNNU HÉR Á LANDI – STARF SEM VIÐ NJÓTUM ÁVAXTANNA AF Í DAG. FYRSTI FORMAÐUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR VAR STEINGRÍMUR THORSTEINSSON SKÁLD. ÁST STEINGRÍMS Á SKÓGUM BIRTIST Í LJÓÐUM HANS OG ERU BROT ÚR ÞEIM BIRT Í ÁRSSKÝRSLUNNI.



Unglingar gróðursetja í Heiðmörk sumarið 1957.  
Mynd: Gunnar Rúnar Ólafsson.





## SÖGUDAGATAL OG MYNDBAND

Fjallað var um sögu Skógræktarfélags Reykjavíkur í sögudagatali, í tilefni af því að 120 ár voru liðin frá því að félagið var upphaflega stofnað. Fimm færslur voru birtar á heimasíðu félagsins, heidmork.is, og á Facebook. Fjallað var um ákveðna þætti í starfinu í máli og myndum. Færslurnar fjölluðu um Rauðavatnsstöðina, gróðrarstöðina í Fossvogi, Esjuhlíðar, nýjar skógræktarjarðir félagsins í Fellsmörk og að Múlastöðum, og skógarmenningu.

Stutt fræðslu- og kynningarmyndband um félagið, starf þess og sögu var frumsýnt á aðalfundi félagsins. Myndbandið er aðgengilegt á heimasíðu félagsins, Facebook og Youtube.



## FRÆDSLUGÖNGUR

Fjórar fræðslugöngur voru skipulagðar sumarið 2021, í samstarfi við Ferðafélag Íslands. Skógargöngurnar voru í léttara lagi, tveggja til þriggja klukkutíma langar, og ágætlega sóttar. Farastjórar í göngunum voru Páll Guðmundsson, framkvæmdarstjóri Ferðafélags Ísland, og Auður Kjartansdóttir frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Fyrsta gangan var um Heiðmörk frá Elliðavatnsbænum. Önnur gangan var um Vífilsstaðahluta Heiðmerkur og fengu gestir fræðslu um náttúru svæðisins frá Ástu Kristínu Davíðsdóttur, landverði á Suðvesturlandi. Þriðja gangan var söguganga um Heiðmörk með Kára Gylfasyni. Fjórða gangan var afmælisganga um Rauðavatnsstöðina með leiðsögn Jóns Geirs Péturssonar, dósents í umhverfis- og auðlindafræði, á Degi íslenskar náttúru.

## NÁMSKEIÐ UM GRÆÐLINGA

Síðla veturs er tilvalið að huga að gróðursetningum komandi sumars. Félagið gekkst því fyrir námskeiði 20. mars um græðlinga af alaskaösp og víði. Námskeiðið var haldið í Smiðjunni, skammt frá Elliðavatnsbænum og var leiðbeinandi Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir, skógfræðingur á Rannsóknastöð Skógræktarinnar á Mógilsá. Jóhanna fjallaði um trjátegundirnar og helstu aðferðir sem notaðar eru við klippingu og beina stungu græðlinga. Að því loknu tók við verkleg kennsla. Efniviður var klipptur af standandi trjám og græðlingar svo útbúnir - allt undir leiðsögn Jóhönnu. Því næst var farið á svæði þar sem græðlingum var stungið í jörðu. Námskeiðið var vel sótt og mikill áhugi á þessari skjótvirku og ódýru leið til að koma á legg plöntum.







*Skógarsjónin*

*Í skógar djúp hinn svási fuglasöngur  
Á svalri skuggaleið mig áfram dró,  
Unz loks úr húmi laukst upp vegur þröngur  
Að ljósri dæld, er sólbjört við mér hló.*

*Steingrímur Thorsteinsson*





Feðgarnir Snorri Örvarsson og Örvar Steingrímsson voru meðal þátttakenda í Heiðmerkurhlaupinu.



## KÖNGLATÍNSLA

Röskur hópur fólks á öllum aldri tók þátt í könglatínslu í Heiðmörk í október, undir leiðsögn Aðalsteins Sigurgeirssonar, fagmálastjóra Skógræktarinnar og varaformanns félagsins. Aðalsteinn fræddi fólk til að mynda um hvernig þekja má tveggja ára köngul stafafurunnar og hvernig best er að bera sig að við tínsluna. Þátttakendur gæddu sér svo á ketilkaffi og heitu kakó. Fjallað var um könglatínsluna í kvöldfréttum RÚV.

Alls söfnuðust 49,2 kíló af stafafurukönglum. Könglarnir voru seldir Skógræktinni og rennur ágóðinn til gróðursetninga á því svæði í Heiðmörk sem brann í vor.



Arnar Pétursson hljóp Ríkishringinn á 44:28.

## HEIÐMERKURHLAUPIÐ

Um 120 tóku þátt í Heiðmerkurhlaupinu, laugardaginn 25. september. Hægt var að hlaupa tvær vegalengdir: 12 kílómetra Ríkishring og 4 kílómetra skemmtiskokk um Gula hringinn. Sigurvegarar í Ríkishringnum voru Arnar Pétursson og Íris Anna Skúladóttir. Í skemmtiskokkinu ríkti sannkölluð fjölskyldustemming og ungir upprennandi hlauparar á aldrinum 8-14 ára röðuðu sér í efstu sætin. Þátttakendur nutu stemningarinnar í skóginum og gæddu sér á kaffi og kakó yfir varðeldi eftir hlaupið.

Heiðmerkurhlaupið er haldið af Skógræktarfélagi Reykjavíkur í samstarfi við Náttúruhlaup og Fjallakofann. Fyrst var efnt til þess sumarið 2020, þegar 70 ár voru liðin frá formlegri opnun friðlandsins í Heiðmörk. Stefnt er að því að Heiðmerkurhlaupið sé árvisst viðburður.



# SAMSTARFSVERKEFNI, RANNSÓKNIR OG FRÆÐSLA







## LOFTSLAGSSKÓGAR

Staðið var fyrir tveimur þáttökugróðursetningum í Loftslags-skógunum sumarið 2021. Loftslagsskógarnir í hlíðum Úlfarsfells er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur um aukna ræktun útivistarskóga á opnum grænum svæðum. Loftslagsskógunum er ætlað að kolefnisjafna starfsemi Reykjavíkurborgar um leið og til verður falletgur útivistarskógur sem eykur skjól í borginni. Samningur um Loftslagsskóga var undirritaður sumarið 2020, á 70 ára afmæli Heiðmerkur. Skógræktaráætlunin er til 10 ára og er miðað við að skógurinn þeki um 150 hektara svæði.

Á fyrri gróðursetningardegnum, 13. júní, mættu ríflega 200 starfsmenn Reykjavíkurborgar og fjölskyldur þeirra. 14. ágúst var svo almennur gróðursetningardagur og mættu þá um 50 manns. Á gróðursetningardögum var tekið á móti þátttakendum í rjóðri nærri gróðursetningarsvæðinu. Boðið var upp á ketilkaffi yfir íslensku birkibáli og kakó og djús fyrir krakkana. Starfsmenn félagsins kenndu grundvallaratriði í gróðursetningu trjáa, deildu út plöntum og leiðbeindu svo fólki við gróðursetningar.

Með gróðursetningardögum er leitast við að auka þátttöku almennings í skógrækt – vekja áhuga og byggja upp þekkingu. Stefna félagsins hefur löngum verið að auka þátttöku fólks í skógrækt. Heiðmörk hefur til að mynda að miklu leyti verið ræktuð upp af sjálfbóðaliðum, sérstaklega landnemahópum. Slík þátttaka hefur fengið aukið mikilvægi með vaxandi áherslu á umhverfis- og loftslagsmál. Stefnt er að því að gangast fyrir fleiri gróðursetningardögum í Loftslagsskógunum – bæði fyrir almenning og afmarkaða hópa.

Um 24.000 tré og runnar voru gróðursett í Loftslagsskógunum sumarið 2021. Unnið var á sex svæðum og lögð áhersla á gróðursetningar í nágrenni gönguleiða, svæði vaxið lúpínu og land með rofna gróðurþekju. Heildarstærð þess svæðis sem unnið var á, var um 25 hektarar. Alls hefur verið unnið að skógrækt á um 41 hektara í Loftslagsskógunum, sumrin 2020 og 2021. Mikil áhersla er á fjölbreytni. Um 80 tegundir og kvæmi voru gróðursett í Loftslagsskógunum á síðasta ári.



## NEFND UM SKÓGRÆKTARMÖGULEIKA Í BORGARLANDINU OG AUKNA ÞÁTTTÖKU ALMENNINGS

Vorið 2021 barst félaginu erindisbréf frá borgarstjóra vegna stofnunar samstarfshóps Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur um Loftslagsskóga Reykjavíkur. Nefndinni var falið að kortleggja skógræktarsvæði og möguleg uppgræðslusvæði í borgarlandinu. Henni var einnig falið að fjalla um hvernig almenningur, skólar, stofnanir og fyrirtæki geti lagt verkefninu lið, í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur, og kolefnisjafnað

ferðalög og starfsemi. Þá átti nefndin að leggja fram tillögur um kostnaðarmetin og tímasett uppgræðsluverkefni.

Samstarfshópurinn skilaði kostnaðarmetnum tillögum til borgarinnar í september og eru þær nú til umfjöllunar í borgarkerfinu.



## SKÓGARNYTJAR - VETTvangsnám í HEIÐMÖRK

Í mars 2021 gerðu Skógræktarfélag Reykjavíkur og Tækniskólinn með sér samstarfssamning um verkefnið Skógarnytjar. Stefnt er að því að allir nemendur í húsgagna- og húsasmíði við Tækniskólann komi í heimsókn í Heiðmörk einhvern tíma á námstímanum. Boðið verður upp á fræðslu um skógrækt, viðarvinnslu, eiginleika mismunandi trjategunda, viðargæði og umhverfismál- og loftslagsmál.

Verkefnið er hluti af viðleitni félagsins til að þróa áfram viðarvinnsluna í Heiðmörk og styrkja innlandan timburiðnað. Nytjaskógar eru tiltölulega nýir á Íslandi en á næstu árum og

áratugum mun viðarmagn í íslenskum skógum stórukast. Til að nýta þessa nýju auðlind á góðan og sjálfbæran hátt, er nauðsynlegt að byggja upp þekkingu á efniviðnum og nýtingu hans.

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti hefur einnig lýst áhuga á vettvangsnámi í Heiðmörk. Um 300 nemendur eru í húsasmíðanámi við FB. Skógræktarfélag Reykjavíkur á líka í samstarfi við Listaháskóla Íslands um vettvangsnám og samstarf með nemendum í hönnun.

## HEIDMORK.IS

Ríflega 180.000 gestir fóru inn á heimsíðu félagsins, heidmork.is, á síðasta ári. Á síðunni má nálgast upplýsingar um starf félagsins, svæði í umsjón þess og fróðleik um skógrækt og skógarmál. Félagið er með tvær síður á Facebook – opinbera síðu félagsins, sem ríflega 2.000 manns fylgjast með, og síðuna Jólamarkaður í Heiðmörk, sem er með tæplega 10.000 fylgjendur.

Leitast er við að birta reglulega fréttir um starf félagsins og umsjónarsvæðin, bæði á heimasíðunni og Facebook. Árið 2021 var skrifuð 41 frétt á heidmork.is auk þess sem fimm færslur í

sögudagatali voru birtar á báðum miðlum. Mesta athygli vakti færslan „Bætt aðstaða fyrir gönguskiðafólk“, sem var opnuð 4.084 sinnum. Þar á eftir kom fræðslufærslan „Hvað er gott kurl og hvernig virkar það?“. Henni var flett 1.253 sinnum.

Langflestir virðast þó koma á heidmork.is til að nálgast kort af Heiðmörk. Á tæplega tveimur árum hefur verið farið inn á þá síðu ríflega 30.000 sinnum. Kort af útivistarsvæðunum í Esjuhlíðum eru líka mikið skoðuð, sem og upplýsingar um jólavíðburði, sölu viðarafurða og upplýsingar um félagið og starfsmenn þess.



## LANDUPPLÝSINGAKERFI – SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ SKÓGRÆKTinni

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur notað ArcGis landupplýsingakerfi síðastliðinn áratug til að skrá og skipuleggja skógræktarstarf. Félagið hefur nú tekið upp samstarf við Skógræktina við að þróa notkun þeirra í daglegum störfum félagsins. Björn Traustason, fagstjóri landupplýsinga hjá Skógræktinni, hefur verið að innleiða aukna notkun landupplýsingakerfa í starfi Skógræktarinnar. Hann veitti félaginu aðgang að kortagrunnum og forriti sem er nýtt af nálinni.

Umtalsverð þróun hefur átt sér stað í þessari tækni undanfarin ár og ýmsir möguleikar til öflunar og vinnslu gagna á vettvangi. Stefnit er að því að starfsmenn félagsins get fært upplýsingar inn í kortagrunna jafnóðum, t.a.m. um aldur

trjáa, hæð skógar, tegundasamsetningu og fleira. Upplýsingarnar nýtast ekki einungis félaginu, heldur einnig Íslenski skógarúttekt (ÍSÚ), þar sem upplýsingarnar eru vistaðar í miðlægum gagnagrunni. Þá felur kerfið í sér fjölda tækifæra til aukinnar skilvirkni. Heppileg jólatré og torgtré uppgötvast til dæmis í skóglendinu í Heiðmörk á ýmsum árstímum - ekki bara í aðdraganda jóllanna. Þá væri heppilegt að geta merkt staðsetningu jafnóðum og ganga svo að þeim á vísun stað þegar líða tekur að jólum. Einnig væri gott að geta fært inn í kerfið upplýsingar um skemmdir á trjám eða útivistarmannvirkjum, grisjunarþörf, merkja stíga og fleira. Kerfið hentar auk þess til að senda upplýsingar um framkvæmdir áfram til viðeigandi aðila.





Sævar Hreiðarsson í viðarvinnslu félagsins í Heiðmörk.



## LÍFMASSI TRJÁA MÆLDUR Í HEIÐMÖRK

Skógræktarfélag Reykjavíkur leitast við að styðja rannsóknir og vísindastarf eftir megni. Meðal slíkra verkefna sem félagið kom að í fyrra var rannsókn á lífmassa trjáa, sem Skógræktin stendur fyrir. Markmið rannsóknarinnar er að bæta reiknilíkan sem segir til um lífmassa trjáa út frá hæð og þvermáli þeirra. Þannig er einnig hægt að reikna út hve mikill koltvísýringur er bundinn í trjánum og hve mikinn koltvísýring íslenskir skógar eru að binda. Í Heiðmörk eru fjölmörg stór og stæðileg tré og var óskað eftir því við Skógræktarfélagið að fá að mæla nokkur þeirra. Landinn á RÚV fylgdist með fellingu trjáanna og rannsóknarstarfinu og fjallaði um það í mars. Um leið var rætt um skógrækt, loftslagsmál, skóglendið og viðarvinnsluna í Heiðmörk og almennt um starf félagsins.




### BURSTAR ÚR STAFAFURU OG HROSSHÁRI

Listamenn og hönnuðir leita reglulega til félagsins eftir efnivið, ráðgjöf og samstarfi. Ein þeirra er Sóley Práinsdóttir sem hefur verið að þróa vörur úr afgangsefni svo sem víði, furunálum og hrosshári. Undir merkjum Cleaning strategies hafa verið búnir til handgerðir burstar og nú er stefnt að framleiðslu uppþvottabursta úr stafafuru og öðrum hráefnum. Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur stutt verkefnið með því að leggja til hráefni, sérfræðipækkingu og aðstöðu fyrir ákveðna verkþætti.



# HEIÐMÖRK



## *Björk*

*Björkin mín vena í vatninu blá  
Á vormorgni fögrum þig speglast eg sá  
Þá dögglitir fuglar á glitrandi grein  
Gólu mót sól, er í austrinu skein, -  
Þá blíða mig dagdrauma dreymdi.*

*Steingrímur Thorsteinsson*

FRÍÐLANDIÐ Í HEIÐMÖRK ER UM 3.270 HEKTARA STÓRT OG AÐ MIKLU LEYTI SKÓGI VAXIÐ. Í HEIÐMÖRK VINNUR SKÓGRÆKTARFÉLAGIÐ AÐ ÞVÍ AÐ RÆKTA UPP SKÓGINN, GRISJA, VINNA ÚR VIÐARAFURÐUM OG HUGA AÐ INNVIÐUM FYRIR ÞANN STÓRA OG FJÖLBREYTTA HÓP GESTA SEM SÆKIR FRÍÐLANDIÐ HEIM.

## VATNSVERND

Ómetanleg vatnsból eru innan friðlandsins í Heiðmörk þaðan sem íbúar höfuðborgarsvæðisins fá neysluvatn sitt. Friðlandið er á vatnsverndarsvæði og eru brunnsvæðin girt af.

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur ríka áherslu á umhverfis- og vatnsvernd í starfi sínu. Starfsmenn félagsins hafa virkt eftirlit innan svæðisins allt árið í nánú samstarfi við Veitur og Orkuveitu Reykjavíkur. Skógræktarfélag Reykjavíkur hvetur alla sem leggja leið sína um Heiðmörk til að huga að mikilvægi þess að ganga vel um og leggja sitt af mörkum til að vernda vatnsbólin.

## INNVIÐAUPPBYGGIN

Mikill gestafjöldi var í Heiðmörk árið 2021, líkt og árið á undan. Heimsfaraldur Covid og samkomutakmarkanir sýndu enn á ný fram á mikilvægi Heiðmerkur sem friðlands og útivistarsvæðis. Vegna mikillar umferðar voru ákveðin svæði í Heiðmörk farin að láta á sjá. Því hefur verið unnið að því að bera í stíga og bæta alla innviði.

Talsverðar umbætur voru gerðar á Ríkishringnum og stígum við Elliðavatn. Borið var í Dagsleið, sem tengir saman göngustíg að Norðlingaholti við brúna yfir Helluvatn. Betrubætur voru gerðar á nýju gönguskíðabrautina frá Elliðavatnsvænum að gönguskíðabrautunum við Hjallabraut. Að þessum verkum vann sumarvinnuhópur Landsvirkjunar ásamt starfsmönnum félagsins og verktökum.

Nýr tengistígur var lagður frá bílastæðinu við Búrfellsgjá að göngustígnum við Vífilsstaðahlíð. Verkið var unnið af ungmennum á vegum Garðabæjar og verktökum Skógræktarfélags Reykjavíkur. Bílastæðið við Búrfellsgjá hefur oft verið þétt skipað undanfarin misseri. Samkvæmt gönguteljara Garðabæjar, fóru ríflega 130 þúsund manns um Búrfellsgjá á síðasta ári.

Í byrjun árs tók félagið í notkun nýjan staðsetningarbúnað sem Skíðagöngufélagið Ullur festi kaup á. Búnaðurinn gerir fólki mögulegt að fylgjast með í rauntíma þegar verið er að troða brautir. Gönguskíðabrautir í Heiðmörk hafa verið merktar og eru nú hægt að sjá þær á Skisporet, annað hvort á vefnum eða í appi.

Til að draga úr umferð nærri vatnsverndarsvæðum þegar snjór er í Heiðmörk, hefur nýr tengistígur við Hjallahring verið lagður. Stígurinn er norðan girðingarinnar umhverfis brunnsvæðið við Myllulækjartjörn og er sérstaklega hugsaður fyrir skíðagöngu yfir vetramánuðina. Umferð er beint á bílastæðið við Elliðavatnsvæðinn og fólk hvatt til að halda upp þaðan. Óvenju snjólétt var árið 2021 og sköpuðust ekki aðstæður til að vígja brautina.



Starfsmaður Landsvirkjunarhópsins vinnur að endurbótum á Hjallahring. Stígurinn var mjög illa farinn og hálfgerð drullusvæð stóran hluta ársins.

Það er stöðugt verkefni er að mæta þörfum ólíkra hópa og tryggja að allir finni sitt pláss. Mikilvægt er að fólk sé tillitsamt og sýni hvoru öðru og náttúrunni virðingu. Meðal gesta Heiðmerkur eru börn sem leika sér í skóginum, hlauparar, eldri borgarar, sveppatínslufólk, vinahópar í göngutúr, fólk að viðra hunda, gönguskíðafólk, hjólafólk, hestamenn og svo mætti lengi telja. Starfsmenn félagsins reyna að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir árekstra, svo sem með því að grisja til að fækka blindhornum, kvista upp tré, og leiðbeina fólki.







## GRÓÐURELDAR Í HEIÐMÖRK

Síðdegis fjórða maí varð elds vart í skóglendi nærri Hnífhól, milli Hjalladals og Löngubrekknna í Heiðmörk. Starfsmenn félagsins og slökkvilið voru fljót á staðinn en erfitt reyndist að fást við eldinn vegna þess hve torvelt svæðið er yfirferðar. Þá er Heiðmörk vatnsverndarsvæði og því þarf að gæta varúðar við notkun véla og tækja. Slökkvilið, lögregla og Landhelgisgæslan börðust við eldinn fram á nótt og nutu aðstoðar björgunarsveita sem meðal annars notuðu snjóbíla til að flytja tæki og mannskap að brunasvæðinu.

Eldurinn olli talsverðum skemmdum á um 61 hektara svæði. Þar af var ræktaður skógur á 46 hekturum og náttúrulegt birki á 5,5 hekturum. Við upptökin fór eldurinn hratt yfir í grasi án þess að valda miklum skaða á trjágróðri. Þegar á leið færðist eldurinn hins vegar í aukana og stórskemmdi eða eyddi trjám og runnum.

Vikurnar fyrir gróðureldinn hafði verið afar þurrt í veðri. Almanna- varnir lýstu yfir óvissustigi vegna gróðurelda 6. maí og hættu- stigi 11. maí, á stórum hluta landsins – frá Breiðafirði að Eyja- fjöllum. Slökkviliðsstjórar á svæðinu bönnuðu allan opinn eld.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Reykjavíkur 6. maí var samþykkt að beina því til Almanna- varna að fela starfshópi þegar í stað að gera tillögur um varnir og viðbrögð vegna gróðurelda. Um sumarið var grísað sérstaklega út frá eldvarnarsjónarmiðum. Brautir um skóginn voru stækkaðar til að auðvelda aðgengi slökkviliðs og skerpa á brunahólfum.

Er leið á vorið fór gróður að jafna sig að einhverju leyti. Gras, fíflar og lúpína skutu upp kollinum. Sérfræðingar frá Skógrækt- inni lögðu út mælifleti til að meta áhrif brunans og fylgjast með framvindunni – trjágróðri, almennu gróðurfari og skordýralífi. Um sumarið uxu teinungar sums staðar upp af rötum birkitrjáa. Fróðlegt verður að sjá með hvort ný tré vaxi upp af fræjum stafafuru sem var algengasta tegundin á svæðinu. Þekkt er að stafafura sáir sér hratt eftir elda sem fræ hennar þola vel. Í október voru um 4.000 rótarskot voru gróðursett í nágrenni Hnífhóls. Björgunarsveitafólk og sjálfboðaliðar frá Skógræktar- félagi Íslands og Skógræktarfélagi Reykjavíkur sáu um gróður- setninguna.




## FRAMLAG LANDSVIRKJUNAR

Sumarvinnuhópar frá Landsvirkjun hafa starfað í Heiðmörk í fjöldamörgu ár undir yfirskriftinni Margar hendur vinna létt verk. Hóparnir eru skipaðir ungmennum á aldrinum 16 til 22 ára og hafa unnið afar mikilvægt starf.

Í sumar var á þriðja tug ungmenna að störfum í Landsvirkjun- arhópnum í Heiðmörk. Starfsmenn Skógræktarfélags Reykja-

víkur hafa útvegað verkefni og leiðbeint um hvernig best er að leysa þau af hendi. Félagið sér sumarvinnuhópnum fyrir efnivið, verkfærum og aðstöðu. Stærsta verkefnið hefur verið gróðursetning landgræðsluplantna. Í sumar var gróðursett á Grunnvatnasvæðinu í Heiðmörk, ekki langt frá Guðmundar- lund. Þá lagfærði hópurinn göngustíga, lagði nýja stíga, sló flatir og sinnti sorphirðu í friðlandinu.









Hluti svæðisins sem bættist við Heiðmörk síðasta sumar.

## HEIÐMÖRK STÆKKAR

Heiðmörk stækkaði um 74 hektara sumarið 2021. Skógræktarfélag Reykjavíkur og Garðabær gerðu með sér þjónustusamning um áframhaldandi samstarf um ræktun, umsjón og eftirlit með skógræktar- og útivistarsvæðum í landi Garðabæjar. Samningurinn fól einnig í sér stækkun friðlandsins.

Svæðið sem nú bættist við Heiðmörk er í nágrenni Kolhóls, í landi Garðabæjar. Það liggur milli Heiðmerkur og friðlýsts svæðis Búrfells. Landið er illa farið þótt það hafi verið friðað fyrir beit í áratugi. Gróðurþekjan er rýr og virkir rofferlar á borð við frostlyftingu og afrennsli. Skógræktarfélag Reykjavíkur mun vinna að því að græða svæðið upp og rækta þar nýjan skóg.

## GRISJUN Í HEIÐMÖRK

Á þorra unnu starfsmenn félagsins við grisjun stafafuru norðan Heiðavegs, þar sem gönguleiðirnar vatna- og skógarhringir liggja saman. Bolviður sem féll til var nýttur til eldiviðarframleiðslu. Grisjað var á 1,5 hektara svæði.

Á góu unnu starfsmenn að grisjun og uppkvistun á stafafuru og birki, vestan við Heiðmerkurveg. Bolviður sem féll til var dregin út og nýttur í eldivið. Unnið var á 0,25 hektara svæði.

Á einmánuði var byrjað á fyrstu grisjun og umhirðu vestan við Heiðmerkurveg. Í reitnum eru margar tegundir trjáa, m.a. lerki, birki, bergfura, greni o.fl. Verkið var unnið af skógræktarnemum undir leiðsögn skógfræðings. Efni sem féll til var nýtt fyrir handverksfólk og í eldivið. Unnið var á 1,3 hektara svæði.

Um mitt sumar voru felld stór grenitré meðfram Heiðmerkurvegi og brautir breikkaðar til að viðhalda brunahólfum og bæta aðgengi björgunaraðila. Bolviður var nýttur í borðvið og toppar í kurl. Verkið var unnið af starfsfólki félagsins með aðstoð starfsmanna. Unnið var á um 0,25 hektara stóru svæði.

Í ágúst var grisjað innan úr furureit. Verkefnið vann starfsmenn með aðstoð og leiðsögn skógfræðings. Úr reitnum voru teknir 12 rúmmetrar af bolvið sem nýttust til eldiviðarframleiðslu. Svæðið er 0,2 hektarar.

Á haustmánuðum var grisjaður grenireitur sunnan við Heiðmerkurveg. Efnið var nýtt í spírur o.fl. Svæðið nær yfir 0,25 hektara.





## NÝR TRAKTOR, NÝ TÆKI, NÝ TÆKIFÆRI

Nýr traktor með margskonar tækjum var keyptur 2021 með veglegum styrk frá innflutningsfyrirtækinu Vallarbraut. Traktorinn er nettur og hentar til vinnu inni í Smiðjunni, úti á plani og í skóginum. Til dæmis er hægt að aka traktorinum eftir öllum Ríkishringnum sem auðveldar endurbætur og viðhald á stígum.

Traktorinum fylgja ýmis tæki svo sem gafflar, ámoksturstæki til að nota við göngustígagerð og sláttuvél sem hægt er að nota til að snyrta meðfram göngustígum. Þá fylgir traktorinum kubbari. Hægt er að nota hann til að flýta fyrir eldiviðarvinnslu og til að styðja við náttúrulegt niðurbrot afgangsefnis í skóginum með því að brjóta niður stærstu greinarnar falla til við grisjun. Traktorinn hefur verið notaður við ýmis verkefni. Meðal annars við stígagerð og gerð gönguskiðabrauta.







## BÓKABÍLLINN KOLEFNISJAFNAÐUR Í HEIÐMÖRK

Landnemahópar eiga stóran þátt í skógræktarstarfinu í Heiðmörk síðustu áratugi. Sumir af fyrstu hópunum, sem hófust handa 1950, eru enn virkir. Og nýir landnemar eru enn að bætast í hópinn. Í lok maí gróðursettu starfsmenn og góðvinir Borgarbókasafnsins um eitt þúsund trjáplöntur í Heiðmörk. Borgarbókasafnið er einn af nýjustu landnemahópunum en hefur heldur betur látið hendur standa fram úr ermum. Á síðustu þremur árum hefur hópurinn gróðursett hátt í fimm þúsund trjáplöntur. Markmiðið er að kolefnisjafna útblástur bókabílsins sem hefur þjónustað reykvíska lestrarhesta í rúmlega hálfa öld.

## SKILEIK - HÖFÐINGLEG GJÖF FRÁ NORÐMÖNNUM

Sendiráð Noregs á Íslandi færði félaginu höfðinglega gjöf á aðventunni – búnaður fyrir skileik. Skileik er skemmtileg leið til að læra á gönguskíði gegnum þrautir og leiki. Börn frá leikskólaaldri og uppúr geta þannig kynnst gönguskíðum á aðgengilegan hátt auk þess sem skileik hentar vel til að læra jafnvægi og ná færni á skíðum.



Búnaðurinn, sem er frá norska skíðasambandinu (NSF), er meðal annars tengingar, staurar og búnaður til að gera göng. Með þessu eru búnar til mismunandi brautir og þrautir svo sem svigbrautir, ójafnt undirlag, öldur, stökkpallar og göng.



Vilhjálmur ásamt börnum sínum, Ingunni Björk, Bergljótu og Vilhjálmi.

## DEILDI NÍRÆÐISAFMÆLISGJÖFINNI MEÐ GESTUM HEIÐMERKUR

Vilhjálmur Sigtryggsson fagnaði nírræðisafmæli sínu vorið 2021. Í afmælisgjöf var ákveðið að smíðaður yrði bekkur og honum komið fyrir í Heiðmörk - í rjóðri í Ferðafélagsreitnum við Skógarhlíðarkrika. Leitast var við að hafa aðgengi að staðnum sem best. Stuttur, hjólastólafær göngustígur er frá bílastæðinu að rjóðrinu.

Sigríður Óladóttir húsgagnasmíðameistari hannaði bekkinn sem var smíðaður í smiðu Skógræktarfélagsins að Elliðavatni. Efniviðurinn er sitkagreni úr Heiðmörk.

Vilhjálmur var framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur í rúman aldarfjórðung – frá 1969 til 1996. Hann hóf störf hjá félaginu 1953.

## LJÓSLEIÐARI LAGÐUR Í ELLIÐAVATNSBÆINN

Ljósleiðari var lagður í Elliðabæinn í maí, um leið og ísa leysti á Elliðavatni. Lögnin var lögð frá Kópavogi, eftir botni vatnsins. Til verksins þurfti því bæði bát og kafara sem fylgdi lögn-

inni og tryggði hana á botninum. Netsamband hefur lengi verið ófullkomið í Elliðavatnsbæ. Ný ljósleiðarinn er því mikill fengur.



# ESJUHLÍÐAR





SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR HEFUR HAFT UMSJÓN MEÐ ESJUHLÍÐUM FRÁ ÁRINU 2000. FÉLAGIÐ HEFUR MEÐAL ANNARS UNNIÐ AÐ SKÓGRÆKT, STÍGAGERÐ OG BÆTTRI ÚTIVISTARADSTÖÐU Á ÞESSU VINSÆLA OG FJÖLSÓTTA SVÆÐI. STÍGAKERFIÐ Í ESJUHLÍÐUM HEFUR STÆKKAÐ MIKIÐ Á SÍÐ-USTU ÁRUM. GÖNGULEIÐIR, HJÓLALEIÐIR OG AÐKOMULEIÐIR Í ESJUHLÍÐUM ERU NÚ UM 23 KÍLÓMETRAR Á LENGÐ.

## FRAMKVÆMDIR OG NÝTT KORT

Skógræktarfélag Reykjavíkur fékk styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að bæta öryggi við Þverfellshorn og ljúka við tengileið neðar í hlíðum Esjunnar. Á Þverfellshorni er klettabelti og algengt að fólk fari eftir syllum í beltinu, þar sem mikið er af lausu grjóti. Með framkvæmdunum var reynt að beina umferð fólks um skilgreinda og vel hreinsaða leið. Þá voru keðjur settar upp á hluta leiðarinnar.

Lokið var við tengileiðina milli Mógilsár og Kollafjarðarár með styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Lagður var nýr, uppbyggður stígur, um 400 metra langur. Sjö vegprestar voru settir upp á tengileið inni og við gönguleið að Gunnlaugsskarði. Þá voru sjö örnefnaskilti skorin út og sett upp.

Nýtt kort af útivistarsvæðinu í Esjuhlíðum var útbúið á árinu. Kortið er hnitmerkt og með nákvæmum lýsingum á stígakerfi svæðisins. Það er aðgengilegt á heimasíðunni – heidmork.is. Kortið var einnig sett upp á tveimur nýjum upplýsingaskiltum í Esjuhlíðum. Annað skiltið er við Esjustofu en hitt við Kollafjarðará.

Sótt var um styrk til Vegagerðarinnar til að bæta bílastæði við rætur Esjunnar. Gestum útivistarsvæðisins í Esjuhlíðum hefur fjölgað mikið. Bílastæðin eru oft yfirfull og í sumum tilfellum illa nýtt. Fólk hefur því lagt í vegköntum og á grasi. Þannig hafa orðið til óformleg bílastæði. Þessu fylgir slyshætta þar sem lagt er án merkinga og stýringar. Sérstaklega getur hætta myndast þar sem ægir saman tengivegum, aðreinum, óformlegum bílastæðum og stoppistöð fyrir strætó.

Félagið vill afmarka ný bílastæði og loka röskuðum svæðum. Setja þarf upp polla og merkingar til að beina umferð á núverandi bílastæði svo að þau nýtist betur. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir var áætlaður 17,7 milljónir. Sótt var um tæpar 14 milljónir til verkefnisins. Styrkur fékkst upp á þrjár milljónir.



Vaskur hópur sjálfbóðaliða bar um 160 kíló af keðjum og festingum upp fjallið.





KVÍAKLETTUR



## ÆFINGASVÆÐI VIÐ ESJURÆTUR Í SAMSTARFI VIÐ FJALLAKOFANN.

Samstarfssamningur var undirritaður við Fjallakofann um gerð æfingasvæðis við Esjurætur, nærri Esjustofu. Framkvæmdir eru hafnar. Stefnt er að því að svæðið verði tekið í notkun vorið 2022. Æfingasvæðið er mótað inn í landslagið. Þar verða sex æfingatæki úr trjábolum og ryðfríu stáli sem bjóða upp á möguleika til mismunandi æfinga. Á svæðinu

verða einnig setbekkir – alls 17 metra langir. Bekkirnir verða norðanmegin á æfingasvæðinu með útsýni til suðurs. Norðan við bekkina verður svo holtagrjót og sígrænar plöntur sem veita skjól. Nokkur stór grenitré og annar gróður var gróðursettur síðasta haust.



## YFIR 100 ÞÚSUND GENGU Á ESJUNA

Samkvæmt teljara sem félagið hefur sett upp, héldu 103.495 á Esjuna árið 2021, frá bílastæðinu neðan Þverfellshorns. Þetta samsvarar því að ríflega 280 hafi gengið á Esjuna á hverjum degi ársins. Flestir voru Esjufarar laugar daginn 19. júní – á Kvenréttindadaginn. Þann dag gengu 1.049 á Esjuna neðan Þverfellshorns.


Ýmsir útivistarviðburðir eru skipulagðir í Esjuhlíðum – allt frá göngum til fjallahjólamóta. Í júní tóku hátt í tvö hundruð hlauparar þátt í Esjuhlaupinu. Hlaupið var í tíunda skipti.

## GRÓÐURSETNINGAR

Starfsmenn félagsins og landnemahópar gróðursettu 8.344 skógarplöntur í Esjuhlíðum á árinu. Mest var gróðursett af alaskaösp og stafafuru en einnig jörfaviði, ilmbirki og sitkagreni. Þá unnu sex starfsmenn að því í einn dag að rífa skógarkerfil frá trjáplöntum sem höfðu verið gróðursettar í einskonar vermireit. Þær plöntur koma frá Trjárættarklúbbnum. Skógrættarfélag Reykjavíkur er í samstarfi við Trjárættarklúbbinn og Rannsóknarstöð Skógrættarinnar á Mógilsá um gerð trjásafns (arboretum) í Esjuhlíðum.



# MÚLASTAÐIR, FELLSMÖRK OG REYNIVELLIR



Múlstaðir í Flókadal í Borgarfirði er um 650 hektara jörð þar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur vinnur að skógrækt. Unnið er að skógrækt á 413 hekturum samkvæmt samningum við Skógræktinga og Landgræðsluna. Þegar hefur verið gróðursett á um 126 hekturum.



Gróðursett á Reynivöllum sumarið 2021.



Fellsmörk er 982 hektara svæði í Mýrdalshreppi sem er í eigu Skógræktarfélags Reykjavíkur. Frá árinu 1990 hafa landnemar unnið að skógrækt á spildum sem þeir hafa fengið úthlutað frá félaginu.

## MÚLASTAÐIR

Ríflega þrjátíu þúsund trjáplöntur voru gróðursettar að Múlastöðum árið 2021, aðallega stafafura, sitkagreni og alaskaösp. Umtalsvert land var jarðunnið með TTS-herfi til að auðvelda og bæta gæði gróðursetninga.

Talsverð vinna fer í það á hverju ári að halda við girðingu umhverfis jörðina að Múlastöðum, til að halda búfé í burtu. Umhverfis skógræktarsvæðið er um 11 kílómetra löng fjárheld

## FELLSMÖRK

Skógræktarfélag Reykjavíkur sótti um og fékk styrk frá Vega-gerðinni til að sinna vegbótum í Fellsmörk annað árið í röð. Haldið var áfram með vegbætur sumarið 2021. Magnús Sigurjónsson frá Eystri Pétursey sá um framkvæmd verksins. Vegbætur voru gerðar á 1400 metra kafla vestur með Klifanda í landi Fells og um 200 metra kafla austan við Keldudalsá. M.a. var nauðsynlegt var að endurnýja ræsi á einum stað og setja niður ræsi á öðrum stað þar sem flætt hafði yfir veginn í vatnsveðrum. Vegurinn er byggður úr framburði Klifanda og var grófur og niðurgrafinn á köflum. Gróft efni var keyrt í veginn þar sem hann var niðurgrafinn eða þar sem lægðir voru í honum, til þess að hækka hann. Einnig var vegurinn beggja vegna við varnargarðinn hækkaður töluvert til að lækka blindhæð sem var á veginum. Tvö lög af fínna efni voru að lokum sett í veginn til að mýkja hann og slétta.

Landnemar í Fellsmörk stóðu að venju fyrir gróðursetningar- degi um sumarið. Auk þess sáu starfsmenn félagsins um gróðursetningu í landi Fells. Félagið fékk styrk frá Vorvið sem

## REYNIVELLIR

Á Reynivöllum í Kjós hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur umsjón með gömlum trjáreitum. Grenigreinar og jólatré, aðallega blá- greni, rauðgreni og stafafura, hafa verið sótt á Reynivelli og seld á Jólamarkaðnum við Elliðavatn.

Starfsmenn og starfsmennar gróðursettu um 1500 plöntur á Reynivöllum sumarið 2021. Félagið fékk styrk frá Vorvið til plöntukaupa. Keyptar voru bakkaplöntur frá Sólskógum og pottaplöntur frá gróðrarstöðinni Pöll. Að stærstum hluta var

girðing. Notaðir eru innlendir lerkistaurar í girðinguna og hafa þeir reynst vel. Verktaki lagaði vegslóða upp í hlíðina ofan Múlastaða. Til stendur að bæta vegslóða sem liggur þvert á hlíðina.

Ný útidyrhurð var sett á íbúðarhúsið að Múlastöðum. Yfir sumarið var húsið leigt Kennarasambandi Íslands, líkt og síðustu sumur.

endurgreiddi kostnað við plöntukaup. Vorviður er stuðningur við skógrækt félaga og samtaka sem hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Alaskaösp og jörfaviðir voru gróðursett í gömul tún eftir jarðvinnslu með kullu. Þá var reynir, elri, lerki og jörfaviðir gróðursett ofan við gömlu hlöðuna við Bæjarhausinn, sem tengir saman eldri gróðursetningar.

Sjö ný skilti voru útbúin fyrir Fellsmörk og fimm þeirra sett upp. Vegprestar reyndust illa farnir. Þeir fimm sem eru á staðnum voru málaðir til bráðabirgða en ljóst að það þarf að skipta þeim út. Þá vantar tvo vegpresta til viðbótar. Sjö nýir vegprestar verða því settir upp í Fellsmörk næsta sumar.

Deiliskipulag fyrir Fellsmörk er í vinnslu. Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur samþykkti síðastliðið haust að gera deiliskipulag fyrir Fellsmörk. Félagið mun standa straum af kostnaði við það. VSÓ ráðgjöf var fengin til verksins og eru verklok áætluð 2022.

gróðursett birki, blágreni og lerkiblendingur en þar fyrir utan var sett niður nokkuð af pottaplöntum, m.a. eðalþinir, eplatré og fleiri tegundir lauftrjáa, auk berja- og skrautrunna. Lítið hefur verið um gróðursetningar á Reynivöllum síðustu 15-20 ár og styrkurinn frá Vorvið kærkominn til að bæta úr því. Starfsmenn urðu varir við ágang nautgripa og sauðfjár á svæðinu. Girðingar um reitinn á Reynivöllum eru að falli komnar.



# JÓLAVIÐBURÐIR





## JÓLAVIÐBURÐIR

Jólaviðburðir Skógræktarfélagsins gengu vel þrátt fyrir samkomutakmarkanir og nokkuð rýsjótt veður. Viðburðirnir eru órjúfanlegur hluti af jólaundirbúningi margra. Glögggt má finna að gestir hafa sterkar taugar til Jólamarkaðarins í Heiðmörk og Jólaskógarins. Þá er jólatrjáasalan á Lækjartorgi að festa sig í sessi.

Fastir starfsmenn félagsins, Gústaf Jarl Viðarson, Guðmundur Freyr Kristjánsson og Sævar Hreiðarsson, sáu um söfnun jólatrjáa og framleiðslu tröpputrjáa ásamt starfsmenum og aðstoðarfólki. Margrét Valdimarsdóttir var ráðin jólamarkaðsstjóri auk þess sem fjöldi starfsfólks tók að sér helgarstörf við sölu jólatrjáa og veitinga. Margir vinna ár eftir ár við jólaviðburðina en það er ómetanlegt fyrir Skógræktarfélagið að geta treyst á vant starfsfólk.



## JÓLAMARKAÐURINN Í HEIÐMÖRK

Jólamarkaðurinn í Heiðmörk var starfræktur allar aðventuhelgar. Skipulag markaðarins byggir á hefðbundinni jólatrjáasölu, metnaðarfullri menningardagskrá og handverksmarkaði. Hefð er fyrir kaffihúsi í kjallara Elliðavatnsbæjarins, þar sem tónlistarfólk stígur á svið og rithöfundar lesa úr nýutkomnum bókum; barnastundum við varðeld í Rjóðrinu og handverksmarkaði. Skipulagsvinna miðaði við þetta fyrirkomulag. Um miðjan nóvember þegar samkomutakmarkanir vegna Covid voru hertar, þurfti að gera ýmsar breytingar. Ákveðið var að kjallarinn yrði lokaður og kaffi & kakósala færri fram í jólakofa á torginu eins og árið 2020. Ekki gat því orðið af tónlistarflutningi. Lestur úr nýutkomnum bókum fyrir börn og fullorðna fór fram við varðeld í Rjóðrinu við Elliðavatnsbæinn. Loks þurfti að fækka söluaðilum á handverksmarkaði úr nítján í þrettán. Við endurskipulagninguna kom reynslan frá síðasta ári sér vel. Takmarkanir höfðu þó mun minni áhrif í ár en í fyrra.

Sú góða hefð hefur skapast að sönghópur úr Norðlingaskóla syngi við opnun Jólamarkaðarins og á sama tíma sé skrautið á Jólamarkaðstrénu kynnt. Opunarviðburðurinn tókst vel. Veður var gott, góð stemmning og fjöldi gesta.

Jólamarkaðstréð sem prýðir torgið við Elliðavatnsbæinn var í ár skreytt af Védísi Jónsdóttur. Hún er einn helsti þrjónahönnuður landsins. Efniviðurinn í skrautið voru gamlar, ónýtar og óseljanlegar lopapeysur úr fataflokkun Rauða krossins. Skrautið vakti talsverða athygli og áhuga gesta.

Metnaðarfull menningardagskrá hefur lengi verið aðalsmerki Jólamarkaðarins. Að þessu sinni var prófuð sú nýbreytni að höfundar fullorðinsbóka læsu úr verkum sínum yfir varðeldi í Rjóðrinu alla markaðsdaga eins og barnabókahöfundar hafa gert árum saman. Aðsókn var því miður dræm. Barnastundir í Rjóðri, þar sem höfundar lesa úr barnabókum, voru hins vegar mjög vel sóttar og greinilegt að sá viðburður heillar fjölskyldufólk nú sem fyrr.

Ásókn í þátttöku á handverksmarkaði var mikil og komust mun færri að en vildu. Ráðstafanir vegna Covid voru grímuskylda, hægri umferð og fækkun söluaðila. Sex söluaðilar voru í hvorum sal í stað níu auk þess sem einn jólakofi á torginu tilheyrði handverksmarkaðnum. Söluaðilar voru almennt mjög ánægðir með fyrirkomulagið og aðsóknina.

Eldsmiður var að störfum úti við þegar veður leyfði en eldsmiði er einstaklega heillandi í návígi. Auk þess voru borð og bekkir á torginu og eldur bæði í kamínu og opnu eldstæði. Veitingasala fór fram um lúgu á jólakofa, líkt og á síðasta ári. Afar notaleg stemmning er þegar gestir njóta þess að gæða sér á kakói og kruðerí utandyra í góðu veðri.





## JÓLATRJÁASALA Á LÆKJARTORGI

Annað árið í röð var jólatrjáasala í og við gróðurhúsið á Lækjartorgi. Opið var 18. - 23. desember, í fjórar klukkustundir á dag. Gróðurhúsið og umhverfið þess var skreytt sérstaklega með grænum greinum og öðru efni úr skóginum og upp trönur fyrir jólatré. Jólatrjásalan á Lækjartorgi er í samstarfi við Reykjavíkurborg. Talsverð söluaukning var frá fyrra ári og seldist mest af litlum jólatrjám og tröpputrjám. Óhætt er að segja að viðvera félagsins á Lækjartorgi auki þá góðu jólastemningu sem ríkir við Jólaköttinn á torginu. Borgarbúar taka því fagnandi að geta keypt jólatré á þessum stað og því líklegt að salan festi sig í sessi. Samstarfið við Reykjavíkurborg er ánægjulegt og um leið er jólatrjáasalan jákvæð kynning fyrir félagið.

## JÓLASKÓGURINN Á HÓLMSHEIÐI

Jólaskógurinn á Hólmsheiði var opinn aðra, þriðju og fjórðu helgi í aðventu. Einn dagur féll þó niður vegna veðurs. Í ár var Jólaskógurinn við Vindheima - örskot frá þeim stað þar sem hann var í fyrra. Starfsmenn fundu þar ágætt og aðgengilegt svæði með hentugum trjám. Nokkur vinna var lögð í að hreinsa rusl af svæðinu, breikka veginn og bera í hann efni og hreinsa bílastæðið.

Stafafura var sem fyrr vinsælasta jólatréð í Jólaskóginum en á staðnum var einnig talsvert af sitkagreni og var það einnig vinsælt. Líkt og venja er, gátu gestir keypt veitingar úr jólakofa á sama stað og greitt var fyrir jólatrén. Þar var einnig bálpanna með varðeldi. Aðsókn var góð – bæði fastagestir og ný andlit. Þó komu nokkru færri í Jólaskógin í ár en í fyrra. Líklega skýrist það af óhagstæðu veðri.



## OSLÓARTRÉÐ

Oslóartréð – jólatré Reykvíkinga – var fellt í Heiðmörk laugardaginn 20. nóvember. Oslóartréð 2021 var 14 metra hátt sitkagrenitré. Tréð var hátt í sjötíu ára gamalt og hefur því verið gróðursett í landnemaspildu Norska félagsins fljótlega eftir að Heiðmörk var formlega opnuð, árið 1950. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri felldi tréð með aðstoð Sævars Hreiðarssonar, skógarvarðar í Heiðmörk. Oslóartréð var sett upp á Austurvelli, venju samkvæmt, og ljósinn tendruð fyrsta sunnudag í aðventu.




## ÞÓRSHAFNARTRÉÐ

Líkt og undanfarin ár sendi Reykjavíkurborg Færeyingum jólatré úr Heiðmörk sem þakklætisvott fyrir vináttu Færeyinga í garð Íslendinga. Eimskip sá um að flytja tréð til Þórshafnar þar sem það var reist á Tinghúsavelli. Ljósin á Þórshafnartrénu voru tendruð að viðstöddu fjölmenni, 27. nóvember.







# ÁVARP FORMANNS SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR Á AÐALFUNDI 2021

Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur 2021 var haldinn fimmtudaginn 6. maí, í sal Garðyrkjufélags Íslands. Jóhannes Benediktsson, formaður félagsins, fór í ræðu sinni yfir störf félagsins á árinu 2020, sem var viðburðaríkt að venju.

Haldið var upp á 70 ára afmæli Heiðmerkur, sem vígð var sem friðland Reykvíkinga 25. júní 1950. Afmælið litaðist nokkuð af Covid-faraldrinum, en engu að síður tókst að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu og viðburði. Afmælið var haldið hátíðlegt á Vígluflöt í Heiðmörk, 25. júní 2020. Þar var samningur við Reykjavíkurborg um Loftslagsskóga undirritaður að viðstöddum Degi B. Eggertssyni borgarstjóra. Auk þess sem viðarverslun félagsins í Smiðjunni við Elliðavatnsbæinn var opnuð eftir endurbætur, með auknu vöruúrvali.

Á árinu fór fyrsta Heiðmerkurhlaupið fram og komust færri að en vildu vegna samkomutakmarkana. Uppbyggingu stígakerfis var haldið áfram bæði í Heiðmörk og Esjuhlíðum. Ræktun Loftslagsskóga hófst í hlíðum Úlfarsfells. Samstarfsverkefnið er mikilvægt skref í kolefnisjöfnun borgarinnar um leið og til verður dýrmætt og skjólgott útivistarsvæði.

Í ávarpi sínu fór Jóhannes einnig yfir fasta starfsemi félagsins. Hann fjallaði um þau svæði sem félagið hefur umsjón með – Heiðmörk, Esjuhlíðar, Múlastaði og Fellsmörk. Og sagði frá jólavíðburðum félagsins, starfsmannamálum, félags- og fræðslustarfi og gróðursetningum.

Aðalfundurinn var haldinn aðeins tveimur sólarhringum eftir mikinn gróðurbruna í Heiðmörk. Fundurinn ályktaði um mikilvægi þess að Almannavarnir skipi starfshóp um varnir og viðbrögð. Formaður félagsins ræddi mikilvægi forvarna, tímabundið bann við opnum eldi í Heiðmörk, eldvarnarhólf, slökkvibúnað, aðkomuleiðir og aðgengi að vatni. Mikilvægt væri að yfirvara viðbragðsáætlun vegna gróðurelda.

Loks fjallaði formaður félagsins um verkefni næsta árs. Meðal annars yrði unnið að frekari uppbyggingu í Esjuhlíðum, ræktun Loftslagsskóga, samstarfi um skógrækt á Kjalarnesi, stefnumótun Fellsmerkur og þjónustusamningum við Reykjavíkurborg og Garðabæ. Þá yrði stefnt að auknu samstarfi við ýmis útivistarfélög jafnframt því sem vinna myndi hefjast við stefnumótun félagsins. Síðast en ekki síst yrði aukið fé sótt til skógræktar.

Jóhannes þakkaði Auði Kjartansdóttur, framkvæmdastjóra félagsins, fyrir vel unnin störf á sínu fyrsta starfsári. Þá þakkaði Jóhannes starfsmönnum félagsins fyrir vel unnin störf og stjórnarmönnum fyrir þátttöku í starfi félagsins.

Að lokum flutti formaður fundinum góðar skógar- og stuðningskveðjur frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga: „Megi Heiðmörk dafna sem aldrei fyrr.“





Tekið á móti sjálfboðaliðum í þátttökugróðursetningu í Loftlagsskógum.

# SAMSTARFS- OG STYRKTARAÐILAR Á ÁRINU 2021

|                                  |                                   |                                 |
|----------------------------------|-----------------------------------|---------------------------------|
| Bláfjöll                         | Landsnet                          | Skovskolen Nödebo               |
| Efla verkfræðistofa              | Landssamtök skógareigenda         | Sorpa                           |
| Fákur                            | Landsvirkjun                      | Smartsolutions                  |
| Ferðafélag Íslands               | Listaháskóli Íslands              | Skógræktin                      |
| Félag landnema í Fellsmörk       | MHG                               | Skógræktarfélag Hafnafjarðar    |
| Fjallakofinn                     | Minningarsjóður Páls Gunnarssonar | Skógræktarfélag Kjalarness      |
| Framkvæmdasjóður ferðamannastaða | Neyðarlínan                       | Skógræktarfélag Mosfellsbæjar   |
| Garðabær                         | Nordmannslaget                    | Skógræktarfélag Íslands         |
| Gámafélagið                      | Norðlingaskóli                    | Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins |
| Hálstak                          | Norska sendiráðið                 | Treprox                         |
| Hjólreiðafélag Reykjavíkur       | Nýsköpunarmiðstöð Íslands         | Trjáprýði                       |
| Hrísar í Flókadal                | Orkuveita Reykjavíkur             | Trjáræktarklúbburinn            |
| Icebike                          | Oslóarborg                        | Tækniskólinn                    |
| Jón Haukur Steingrímsson         | Péturseyjarbúið                   | Umhverfisstofnun                |
| Landbúnaðarháskóli Íslands       | Rannsóknastöð Skógræktarinnar     | Vegagerðin                      |
| Landbúnaðarháskólinn í Angers    | Reykjavíkurborg                   | Veitur                          |
| Landbúnaðarháskólinn í Zaragoza  | Sendiráð Finnlands                | Vesturlandsskógar               |
| Landnemar í Esjuhlíðum           | Sendiráð Noregs                   | Pórhöfn í Færeyjum              |
| Landnemar í Heiðmörk             | Skíðagöngufélagið Ullur           |                                 |





SKÓGRÆKTARFÉLAG  
REYKJAVÍKUR

Elliðavatni | 161 Reykjavík | sími 564 1770 | [heidmork.is](http://heidmork.is)